

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13  
108 REYKJAVÍK  
SÍMI 545 1200  
TELEFAX 545 1212  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160  
128 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2005

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um framleiðlu, verðlagningu og sölu á búvörum (greiðslumark), 21. mál.**

Neytendasamtökin geta ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps. Samtökin minna á að verð á mjólkurvörum hér á landi er með því hæsta sem gerist í heiminum. Þetta er þrátt fyrir að stuðningur stjórnvalda við mjólkurframleiðslu hér er hærri en í öðrum löndum.

Neytendasamtökin telja afar brýnt að sem mest hagræðing verði innan þessarar greinar og að stærðarhagkvæmni fái að njóta sín. Þetta er ekki aðeins til hagsbóta fyrir neytendur heldur einnig fyrir framleiðendur, enda ljóst að tollar muni lækka í framtíðinni á þessum vörum eins og öðrum landbúnaðarvörum og við það mun samkeppni innlendra og erlendra framleiðslu aukast. Aukin hagkvæmni í framleiðslu mjólkurafurða eykur möguleika greinarinnar til takast á við þá samkeppni.

Virðingarfyllt  
F.h. Neytendasamtakanna

  
Johannes Gunnarsson formaður